

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2215****2018/EES/33/25****frá 30. nóvember 2017****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB, ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 ⁽²⁾ var stofnuð skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu tiltekin aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á þessari skrá. Þriðju lönd og alþjóðastofnanir sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessara upplýsinga ætti að uppfæra skrána.
- 3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur, sem myndu liggja til grundvallar ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins, eða ákvörðun um breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skránni.
- 4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, til að leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina og við nefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽³⁾ („flugöryggisnefndin“).
- 5) Framkvæmdastjórnin lagði fyrir flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um yfirstandandi sameiginlegt samráð, innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 ⁽⁴⁾, við lögbær yfirvöld og flugrekendur eftirfarandi ríkja: Miðbaugs-Gíneu, Nepal, Nígeríu, Sankti Vinsent og Grenadína,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 318, 2.12.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar)

(1) Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtið. ESB, L 84, 23.3.2006, bls. 14).

(3) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006 frá 22. mars 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarreglur um skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 (Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8).

Taílands, Úkraínu og Venesúela. Framkvæmdastjórnin lagði einnig fyrir flugöryggisnefndina upplýsingar um stöðu flugöryggis í Afganistan, Bólivíu, Indlandi, Indónesíu, Írak, Kasakstan, Líbíu, Moldóvu, Mósambík og Zambíu og um samráðsfundi við Rússneska sambandsríkið um tæknimál.

- 6) Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina niðurstöður greiningar á úttektarskýrslum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP). Í þessu samhengi voru aðildarríkin hvött til að setja í forgang skoðanir á hlaði hjá þeim flugrekendum sem hafa fengið vottun í þriðju löndum þar sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur greint alvarleg öryggisvandamál (SSC) eða þar sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar séu á eftirlitskerfi með flugöryggi. Til viðbótar við samráð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005, mun forgangsroðun skoðana á hlaði gera kleift að afla frekari upplýsinga um öryggisframmistöðu flugrekenda sem hafa fengið vottun í þessum þriðju löndum.
- 7) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina einnig um niðurstöður greiningar á skoðunum á hlaði sem voru framkvæmdar innan ramma áætlunarinnar um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ⁽¹⁾.
- 8) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina enn fremur um verkefni á sviði tækniástoðar, sem unnin eru í þriðju löndum, sem verða fyrir áhrifum ráðstafana eða vöktunar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005. Hún lagði fram upplýsingar um áætlanir og beiðnir um frekari tækniástoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum kröfum um almenningsflug. Aðildarríki voru hvött til að bregðast við slíkum beiðnum á tvíhliða grundvelli í samræmi við framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu. Í þessu samhengi ítrekaði framkvæmdastjórnin nytsemi þess að veita alþjóðlega flugsamfélaginu upplýsingar, einkum fyrir tilstuðlan SCAN-gagnagrunns (e. *Safety Collaborative Assistance Network*) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, um tækniástoð sem Sambandið og aðildarríki þess láta í té til að bæta flugöryggi um allan heim.
- 9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu lagði fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina uppfærðar upplýsingar um stöðu SAFA-viðvörðunarkerfisins sem og fyrirbyggjandi tölfræðilegar upplýsingar um viðvörðunarskilaboð vegna flugrekenda sem er bannað að stunda flugrekstur.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

- 10) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði á loftförum flugrekenda í Sambandinu og úr eftirliti með stöðlun á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem og úr sérstökum skoðunum og úttektum, sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa mörg aðildarríki gert tiltekna ráðstafanir til að framfylgja lögum og upplýst framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina um þær.
- 11) Aðildarríkin ítrekuðu að þau væru tilbúin að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef viðeigandi upplýsingar um öryggismál gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi sem afleiðing af því að flugrekendur í Sambandinu fara ekki að viðeigandi öryggiskröfum.

Flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu

- 12) Hinn 7. júní 2017 héldu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunar Evrópu fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu („AAGE“). Tilgangur fundarins var að halda samráði áfram frá síðasta fundi árið 2013. Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu upplýsti framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu um aðgerðir sem teknar hafa verið til að bæta reglufylgni við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar varðandi kerfi um eftirlit með flugöryggi og lagði einnig áherslu á stjórn málaegar aðgerðir til að hringja umbótum í framkvæmd.
- 13) Á fundinum hinn 7. júní 2017 viðurkenndi Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu að flugrekendur frá Miðbaugs-Gíneu hefðu hingað til ekki verið vottaðir í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Af þessum sökum afturkallaði Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu skírteini fjölda flugrekenda, sem höfðu fengið vottun í þessu landi, og innleiddi nýtt fimm áfanga vottunarferli fyrir þá flugrekendur sem eftir eru. Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu veitti einnig upplýsingar um starfsmannaskipulag sitt og -ráðningar, loftfaraskrá, áætlun um endurvottun flugrekenda og öryggiseftirlitsáætlun.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtt. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

- 14) Eins og sannreynt var í tengslum við úttekt Alþjóðflugmálastofnunarinnar í febrúar 2017, uppfyllir Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu nú 62,5% af alþjóðlegum flugöryggiskröfum, samanborið við u.þ.b. 10% áður.
- 15) Matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð fór fram í Miðbaugs-Gíneu frá 16.-20. október 2017. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum tóku þátt í þessari matsheimsókn. Meðan á þessari heimsókn stóð var lagt mat á störf Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu, sem var sannreynt með heimsóknum til þeirra tveggja starfandi flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu. Í ljós kom að stjórnskipulag Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu, sem nýlega var komið á fót sem óháðu og sjálfstæðu flugmálayfirvaldi á sviði almenningsflugs og sem hóf öryggisefirlit árið 2012, samrýmist umfangi flugstarfsemi í Miðbaugs-Gíneu. Einnig kom í ljós að öll svið almenningsflugs falla undir Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu og að hún hefur sín eigin fjárlög og tekjur. Þó var vakið máls á því að Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu vantar viðurkennda skoðunarmenn, sérstaklega á sviði flugreksturs, þ.m.t. á sviði flutningaflugs, í þeim tilgangi að framkvæma viðeigandi og skilvirkt öryggisefirlit með flugrekendum í Miðbaugs-Gíneu.
- 16) Heimsóknin sýndi að komið hefur verið á heildstæðu reglakerfi í Miðbaugs-Gíneu. Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu vinnur nú að því að uppfæra reglurnar þannig að þær haldist í samræmi við nýjustu þróun á sviði alþjóðlegra flugöryggiskrafa. Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu reiðir sig þó að miklu leyti á vottorð, skírteini og heimildir sem önnur yfirvöld og stofnanir hafa gefið út, og gerir engar sannprófanir sjálf, þó svo framkvæmd eigin sannprófunar sé mikilvægur hluti af þeim öryggisefirlitsverkefnum sem Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu á að annast. Til samræmis við það ætti þetta sannprófunarferli vera hluti af verklagsreglum Flugmálastjórnar Miðbaugs-Gíneu og vera framkvæmt á tilhlýðilegan hátt.
- 17) Í heimsókninni greindi Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu frá því að sem stendur séu aðeins tveir flugrekendur sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu, þ.e. flugrekendurnir *CEIBA Intercontinental* og *Cronos Airlines*. Flugrekendaskírteini flugrekendanna *Punto Azul* og *Tango Airways* hafa verið afturkölluð.
- 18) Í heimsókn til flugrekandans *CEIBA Intercontinental*, innan ramma matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð, kom í ljós að flugrekandinn starfar enn undir gömlu flugrekendaskírteini og hefur aðeins náð öðrum áfanga af núverandi fimm áfanga vottunarferli fyrir flugrekendur. Flugrekandinn *CEIBA Intercontinental* undirgengst sem stendur margskonar breytingar sem hefur í för með sér að mikilvægar handbækur og önnur skjöl á sviði flugreksturs og viðhalds hafa ekki verið uppfærð og samþykkt. Enn fremur hafa þessar handbækur og þessi skjöl ekki enn verið sniðin að starfsemi og loftförum flugrekandans. Enn er verið að þróa öryggisstjórnunarkerfi flugrekandans og á hann enn eftir að innleiða marktæka áhættugreiningu. Lokið hefur verið við að semja og marka öryggisstefnu en hún hefur þó ekki verið kynnt með skýrum og greinilegum hætti innan fyrirtækisins. Gæðakerfið þarfnast einnig frekari þróunar.
- 19) Heimsóknin til flugrekandans *Cronos Airlines* leiddi í ljós að honum er kunnugt um gildandi reglugerðir í Miðbaugs-Gíneu og að hann sýnir viðleitni til að hrinda þessum flugkröfum í framkvæmd. Hann hefur lokið núverandi fimm áfanga vottunarferli fyrir flugrekendur með fullnægjandi árangri. Flugrekendaskírteini hans var endurnýjað í janúar 2017. Það kom þó í ljós að nokkrar handbækur höfðu ekki verið aðlagðar að núverandi starfsemi hans og að gæðakerfi hans er ekki að fullu þróað. Enn fremur kom í ljós að öryggisstjórnunarkerfi flugrekandans *Cronos Airlines* er enn í þróun og er nú í öðrum áfanga af fjórum til framkvæmdar á slíku kerfi. Lokið hefur verið við að semja og marka öryggisstefnu sem hefur verið kynnt með skýrum og greinilegum hætti innan fyrirtækisins. Flugrekandinn hefur sjálfviljugur skráð loftför sín í áætlun fyrir eftirlit með flugritagögnum.
- 20) Hinn 14. nóvember 2017 hlutu Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu, flugrekendurnir *CEIBA Intercontinental* og *Cronos Airlines* áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Við áheyrnina lagði fulltrúi ríkisstjórnar Miðbaugs-Gíneu ríka áherslu á eindreginn vilja ríkisstjórnarinnar til að bæta enn frekar samgönguöryggi í Miðbaugs-Gíneu í þeim tilgangi að tryggja góða tengingu innanlands og svæðisbundið. Við áheyrnina veitti Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu upplýsingar um aðgerðir til úrbóta sem komið hefur verið á til að bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar voru við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð. Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu áætlað tímaramminn eitt ár til að framkvæma þessar aðgerðir til úrbóta.
- 21) Í þeim upplýsingum sem flugrekandinn *CEIBA Intercontinental* veitti við áheyrnina varðandi áætlunina um aðgerðir til úrbóta til að bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar voru við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð, kom ekki fram að flugrekandinn hefði framkvæmt greiningu á frumorsök og bentu þær til þess að flugrekandinn hefði aðeins hrint tafarlausum aðgerðum til úrbóta í framkvæmd en ekki gert forvarnaráðstafanir til langs tíma.

- 22) Við áheyrnina veitti flugrekandinn *Cronos Airlines* upplýsingar um þær aðgerðir til úrbóta sem gripið var til í því skyni að bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar voru við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð, og bentu upplýsingarnar til þess að hann hefði framkvæmt greiningu á frumorsök og tekið bæði til tafarlausra aðgerða til úrbóta sem og til aðgerða til að koma í veg fyrir að tilgreind vandamál komi upp aftur.
- 23) Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. niðurstaða matsheimsóknar aðila frá Sambandinu á starfsstöð, og upplýsinga, sem lagðar voru fram við áheyrn 14. nóvember 2017, er talið að þó Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu hafi gert umtalsverðar úrbætur á eftirlitskerfi með flugöryggi í Miðbaugs-Gíneu þá séu enn verulegir annmarkar á eftirlitskerfinu. Það er metið svo að Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu hafi ekki enn getuna til að annast skyldustörf sín að fullu að því er varðar eftirlit með flugrekendum sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu. Þetta sýnir sig í því að flugrekendur eru vottaðir og öryggiseftirlit er framkvæmt án nærveru nauðsynlegra, viðurkenndra skoðunarmanna sem og að við vottunar- og eftirlitsstörf sín hafði Flugmálastjórn Miðbaugs-Gíneu ekki greint fjölmargar þær athugasemdir sem vakið var máls á við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð. Það liggja því ekki fyrir nú fullnægjandi gögn sem styðja ákvörðun um að ógilda eða breyta flugrekstrarbanni allra þeirra flugrekenda sem hafa fengið vottun í Miðbaugs-Gíneu. Í ljósi þess að flugrekandaskírteini þeirra hafa verið afturkölluð, skal þó fella flugrekendurna *Punto Azul* og *Tango Airways* brott úr skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur.
- 24) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að fella flugrekendurna *Punto Azul* og *Tango Airways* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.

Flugrekendur frá Nepal

- 25) Flugmálastjórn Nepal („CAAN“) sendi framkvæmdastjórninni bréf 5. mars 2017 sem innihélt upplýsingar um núverandi stöðu kerfis um eftirlit með flugöryggi í Nepal. Í kjölfar endurvottunar allra flugrekenda í Nepal árið 2015 endurtók Flugmálastjórn Nepal þetta ferli árið 2016 með aðstoð Alþjóðflugmálastofnunarinnar til þess að framlengja gildistíma flugrekandaskírteinanna einu sinni enn.
- 26) Hinn 13. mars 2017 lagði utanríkisráðuneytið í Nepal viðbótargögn fyrir sendinefnd Sambandsins í Kathmandu, Nepal, sem undirstrikuðu framfarirnar og innihéldu úrdrátt úr skýrslu sameiginlegrar aðgerðarsendinefndar Alþjóðflugmálastofnunarinnar um sendiförina til Nepal. Sameiginlega aðgerðarsendinefnd Alþjóðflugmálastofnunarinnar gerði fjölda athugasemda á sviði starfrækslu og lofthæfis. Þessar athugasemdir voru endurtekning á athugasemdum sem gerðar voru í fyrri heimsóknum, þ.m.t. við matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í febrúar 2014 og við heimsókn Sambandsins til að veita tækniástoð í október 2015. Í ljósi þessara upplýsinga óskaði framkvæmdastjórnin eftir viðbótarupplýsingum frá Flugmálastjórn Nepal 4. júlí 2017.
- 27) Alþjóðflugmálastofnunin framkvæmdi samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðflugmálastofnunarinnar í Nepal frá 4.-11. júlí 2017. Á grundvelli niðurstaðna úr þeirri heimsókn tilkynnti Alþjóðflugmálastofnunin 27. júlí 2017 að lögbær yfirvöld í Nepal væru búin að leysa hið alvarlega öryggisvandamál varðandi vottun flugrekenda.
- 28) Hinn 3. ágúst 2017 lagði Flugmálastjórn Nepal fram þær upplýsingar sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir. Flugmálastjórnin lagði m.a. fram upplýsingar um handhafa flugrekandaskírteina, niðurstöður úr öryggiseftirliti, loftför sem skráð eru í Nepal, slys og alvarleg flugatvik, framfylgdaraðgerðir sem og um skipulag, reglur og tækniástoð í Nepal. Flugmálastjórn Nepal lagði þó ekki fram neinar upplýsingar um eftirfylgni tilmæla úr birtum rannsóknarskýrslum um slys.
- 29) Hinn 7. nóvember 2017 lagði Flugmálastjórn Nepal fram lokaskýrslu úr samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðflugmálastofnunarinnar, sem fór fram 4.-11. júlí 2017, þar sem fram kom að hlutfall skilvirkrar framkvæmdar á alþjóðlegum flugöryggiskröfum fór upp í 66%. Sú skýrsla sýnir þó einnig að þörf er á frekari úrbótum að því er varðar hæft tæknimenntað starfsfólk og úrlausn öryggisvanda. Alþjóðflugmálastofnunin fór ekki yfir veitingu flugliðaskírteina þó svo það svið hafi verið eitt af áhyggjuefnum eftir matsheimsókn aðila frá Sambandinu á starfsstöð í febrúar 2014.

- 30) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga lítur út fyrir að þrátt fyrir að Flugmálastjórn Nepal hafi sýnt ákveðnar framfarir, að því er varðar framkvæmd alþjóðlegra flugöryggiskrafa, er kerfi Nepal um eftirlit með flugöryggi enn ófullnægjandi, sem sýnir sig í því að það vantar skilvirkar aðgerðir í tengslum við eftirfylgni við slys, þ.m.t. banaslys sem áttu sér stað undanfarin ár, til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig.
- 31) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Nepal.

Flugrekendur frá Nígeríu

- 32) Með stuðningi Flugöryggisstofnunar Evrópu mun framkvæmdastjórnin áfram fylgjast náið með öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Nígeríu. Í bréfum sínum frá 15. maí og 20. júní 2017 undirstrikaði framkvæmdastjórnin að nauðsynlegt væri fyrir Flugmálastjórn Nígeríu (NCAA) að fylgjast náið með öllum umsóknum sem flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Nígeríu, senda Flugöryggisstofnun Evrópu um heimild fyrir flugrekanda frá þriðja landi (TCO-heimild).
- 33) Í bréfi, dagsettu 30. maí 2017, upplýsti Flugmálastjórn Nígeríu framkvæmdastjórnina um áform sín til að gera víðtæka úttekt á starfsemi flugrekandans *Med-View Airline*, sem skráður er í Nígeríu, sem og á þeim aðgerðum sem Flugmálastjórn Nígeríu samþykkti með tilliti til annarra flugrekenda frá Nígeríu.
- 34) Í bréfi, dagsettu 10. október 2017, undirstrikaði framkvæmdastjórnin að þessar aðgerðir eru ófullnægjandi með tilliti til gildandi krafna og áætlaðrar aukningar á flugstarfsemi í Nígeríu. Hún upplýsti Flugmálastjórn Nígeríu að samráð verði hafið skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.
- 35) Hinn 30. október 2017 var haldinn samráðsfundur um tæknimál með þátttöku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunar Evrópu og háttsettra fulltrúa Flugmálastjórnar Nígeríu. Tilgangur þessa fundar var að gefa Flugmálastjórn Nígeríu færi á að útskýra þær ráðstafanir til úrbóta og forvarnarráðstafanir sem hún hefur gert með tilliti til flugrekandans *Med-View Airline* og annarra flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Nígeríu. Kynning Flugmálastjórnar Nígeríu á þessum fundi var studd sönnunargögnum sem sýndu ákveðnar framfarir í öryggiseftirliti með þeim flugrekendum, sem yfirvöld í Nígeríu eru ábyrg fyrir samkvæmt gildandi alþjóðareglum.
- 36) Á fundinum upplýsti Flugmálastjórn Nígeríu framkvæmdastjórnina og Flugöryggisstofnun Evrópu um aðgerðir, sem gerðar hafa verið til að bæta reglufylgni við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um kerfi um eftirlit með flugöryggi. Hún veitti einnig upplýsingar um úttektina sem gerð var hjá flugrekandanum *Med-View Airline* og öðrum flugrekendum, sem skráðir eru í Nígeríu, þ.e. hjá flugrekendum *Arik Air*, *Air Peace* og *Kabo Air*, sem og um fjölda starfsfólks hjá Flugmálastjórninni, þjálfun skoðunarmanna hennar og menntun þeirra og hæfi og öryggiseftirlitsáætlun hennar. Flugmálastjórn Nígeríu hefur komið á fót og er að hrinda í framkvæmd eftirlitsáætlun um flugrekstur og lofthæfi til að tryggja að reglunum sé áfram fylgt. Nígería vinnur nú að því að hrinda í framkvæmd flugöryggisáætlun ríkisins (SSP) og áætla að hafa náð fullri framkvæmd fyrir lok 2018.
- 37) Fyrirliggjandi upplýsingar, þ.m.t. þær upplýsingar sem Flugmálastjórn Nígeríu lagði fram á fundinum 30. október 2017, gefa til kynna að unnið sé að úrbótum á kerfinu um eftirlit með flugöryggi í Nígeríu. Það liggur sannarlega ljóst fyrir að slíkar úrbætur skipta höfuðmáli. Þetta á sér í lagi við hvað varðar þekkingu Flugmálastjórnar Nígeríu á fyrirhugaðri starfsemi flugrekenda sem hún hefur eftirlit með sem og hvað varðar raunverulega og skilvirka framkvæmd öryggiseftirlitsáætlunar hennar, þ.m.t. meðhöndlun ágalla. Hinn 1. nóvember 2017 óskaði framkvæmdastjórnin eftir viðbótarupplýsingum hvað þetta varðar. Auk þess hvatti framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Nígeríu til að letja nígeríska flugrekendur til að sækja um TCO-heimild til Flugöryggisstofnunar Evrópu þar til að hún er algjörlega fullviss um að þessir flugrekendur fari að gildandi alþjóðlegum flugöryggiskröfum.
- 38) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Nígeríu.
- 39) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum flugöryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Rússlandi

- 40) Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna vakta áfram náði öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússlandi og starfrækja flug í Sambandinu, þ.m.t. með því að setja í forgang að skoðanir á hlaði séu framkvæmdar á loftförum tiltekinna rússneskra flugrekenda í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
- 41) Hinn 20. október 2017 héldu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og Flugöryggisstofnunar Evrópu fund með fulltrúum Flugmálastjórnar Rússlands (FATA). Tilgangur fundarins var að endurskoða öryggisframmistöðu flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, á grundvelli skýrslna úr SAFA-skoðunum á hlaði á tímabilinu 6. október 2016 til 5. október 2017 og greina tilvik þar sem styrkja mætti eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar Rússlands.
- 42) Á þeim fundi fór framkvæmdastjórnin betur yfir niðurstöður úr SAFA-skoðunum á hlaði hjá fjórum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi. Jafnvel þótt engin öryggisvandamál hafi greinst upplýsti Flugmálastjórn Rússlands framkvæmdastjórnina um öryggisefirlit hennar með þessum flugrekendum.
- 43) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. upplýsinga sem Flugmálastjórn Rússlands lagði fram á samráðsfundinum um tæknimál, sem haldinn var 20. október 2017, er talið að Flugmálastjórn Rússlands skorti hvorki getuna né viljann til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum hjá flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi. Af þessum ástæðum var niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar sú að hvorki væri þörf á að veita rússneskum flugmálafyrirvöldum né flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Rússlandi, áheyrn hjá framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni.
- 44) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, með því að bæta flugrekendum frá Rússlandi í skrána.
- 45) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort flugrekendur í Rússlandi uppfylli alþjóðlegar flugöryggiskröfur á skilvirknan hátt með því að setja skoðanir á hlaði í forgang samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
- 46) Ef þessar skoðanir gefa til kynna að öryggisáhætta sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að viðeigandi öryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til aðgerða gegn flugrekendum frá Rússlandi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Sankti Vinsent og Grenadínum

- 47) Hinn 2. febrúar 2017 sótti flugrekandinn *Mustique Airways*, sem hefur fengið vottun á Sankti Vinsent og Grenadínum, aftur um TCO-heimild hjá Flugöryggisstofnun Evrópu. Þessi endurnýjun umsóknar kom í kjölfar fyrri umsóknar um TCO-heimild sem Flugöryggisstofnun Evrópu hafði synjað af ástæðum er varða öryggi. Flugöryggisstofnun Evrópu hefur metið svo að þessi nýja umsókn samrýmist kröfum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 ⁽¹⁾.
- 48) Flugöryggisstofnun Evrópu taldi áætlanir flugrekandans *Mustique Airways* um aðgerðir til að ráða bót á þeim ágöllum, sem Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á í tengslum við umsókn hans um TCO-heimild, fullnægjandi og ákvað að halda áfram mati á umsókninni þar til allir ágallar hafa verið leiddir til lykta. Hinn 11. september 2017 upplýsti Flugöryggisstofnun Evrópu framkvæmdastjórnina um að lokið væri við að ráða bót á síðasta ágallanum og að hún ætti þar af leiðandi að geta gefið út heimildina ef flugrekandinn yrði felldur brott úr skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins.
- 49) Í ljósi þessara upplýsinga bauð framkvæmdastjórnin flugrekandanum *Mustique Airways* áheyrn til að gefa honum færi á að kynna þær aðgerðir til úrbóta sem gerðar hafa verið og veita upplýsingar um þær ráðstafanir sem flugrekandinn hefur gert til þess að koma í veg fyrir endurtekningu á þeim annmörkum í öryggismálum, sem Flugöryggisstofnun Evrópu vakti máls á við mat sitt á TCO-heimild. Hinn 14. nóvember 2017 lagði flugrekandinn *Mustique Airways* þessar aðgerðir til úrbóta fyrir framkvæmdastjórnina og flugöryggisnefndina. Þær samanstanda af umtalsverðum breytingum á skipulagi og framkvæmd öryggisstjórnunarkerfis, með stuðningi frá nýju veflægu tóli og nýrri öryggisstefnu, svo að flugrekandinn *Mustique Airways* geti skoðað frumorsakir annmarkanna og komið í veg fyrir að þeir endurtaki sig.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 452/2014 frá 29. apríl 2014 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugrekstur flugrekenda frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjúd. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 12).

- 50) Við áheyrnina lagði flugrekandinn *Mustique Airways* einnig fram upplýsingar um fjölda ráðstafana sem hann gerði til að koma á fót flugöryggismenningu innan fyrirtækisins. Þessar ráðstafanir fela í sér reglulega öryggisfundi, bæði á stjórnunar- og starfsmannastigi, til að flugrekandinn *Mustique Airways* geti aukið öryggisvitund hjá starfsfólki sínu og bætt skýrslugjöf um öryggisatvik.
- 51) Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. mati Flugöryggisstofnunar Evrópu og upplýsinga sem lagðar voru fram við áheyrnina, ætti niðurstaðan að vera sú að flugrekandinn *Mustique Airways* hafi ráðið bót á þeim annmörkum í öryggismálum, sem tilgreindir voru, og er fær um ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem gætu komið upp.
- 52) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að breyta ætti skránni yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins með því að fella flugrekandann *Mustique Airways* brott úr viðauka A við reglugerð (EB) nr. 474/2006.
- 53) Aðildarríkin eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun á Sankti Vinsent og Grenadínum, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
- 54) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáætla sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum flugöryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Taílandi

- 55) Frá 20.-27. september 2017 framkvæmdi Alþjóðaflugmálastofnunin samræmda fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í Taílandi í þeim tilgangi að endurskoða þær spurningar um samskiptareglur, sem voru grundvöllur fyrir alvarlegu öryggisvandamáli í Taílandi. Þær aðgerðir til úrbóta sem Flugmálastjórn Taílands („CAAT“) greip til voru álitnar fullnægjandi til að ráða bót á hinu alvarlega öryggisvandamáli og hlutfall skilvirkar framkvæmdar á alþjóðlegum flugöryggiskröfum fór upp í u.þ.b. 41%. Hins vegar er áfram unnið að því að auka enn frekar hlutfall skilvirkar framkvæmdar og gerir Flugmálastjórn Taílands ráð fyrir samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar árið 2018, sem tekur til allra sviða öryggiseftirlitskerfis í almenningsflugi.
- 56) Flugmálastjórn Taílands var boðið að vera við áheyrn 13. nóvember 2017 í þeim tilgangi að veita framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni uppfærðar upplýsingar um þær aðgerðir til úrbóta, sem gripið hefur verið til í því skyni að bæta stöðu flugöryggis í Taílandi.
- 57) Við þá áheyrn lagði Flugmálastjórn Taílands fram upplýsingar um umfang og starfsemi flugmálaiðnaðarinnar í Taílandi og um niðurstöðurnar úr samræmdri fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem hefur leitt til þess að ráðin var bót á alvarlega öryggisvandamálinu. Flugmálastjórn Taílands greindi einnig frá þeim framförum sem yfirvaldið hefur náð í tengslum við framkvæmd sjálfbærniáætlunarinnar, sem felur í sér vinnu að stefnuáætlun fyrir nánustu framtíð, uppfærslu löggjafar og reglugerða, skipulag og mönnun yfirvaldsins, fjármögnun á starfsemi yfirvaldsins og þeim upplýsingateknikerfum sem Flugmálastjórn Taílands mun nota til að styðja starfsemi sína. Einnig veitti hún upplýsingar um eftirlitsstarfsemi sína að því er varðar flugrekendur sem hafa fengið vottun í Taílandi. Framkvæmdastjórnin hvatti Flugmálastjórn Taílands til að halda áfram með þá vinnu sína að tryggja að úrbætur, sem gerðar eru á sviði flugöryggis í Taílandi, séu varanlegar.
- 58) Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur eftirlitskerfi með flugöryggi í Taílandi batnað. Einkum hefur Flugmálastjórn Taílands lagt fram gögn sem sýna að framfarir hafa orðið síðastliðið ár. Fyrirliggjandi upplýsingar, að því er varðar flugrekendur sem hafa fengið vottun í Taílandi, styðja ekki þá ákvörðun að þessir flugrekendur sæti flugrekstrarbanni eða ákveðnum rekstrartakmörkunum.
- 59) Í því skyni að fylgjast náið með stöðunni á samráð við taíensk yfirvöld að halda áfram í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 473/2006.
- 60) Í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2111/2005, er það því metið svo að á þessu stigi séu engar ástæður til að breyta skránni yfir flugrekendur, sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins, að því er varðar flugrekendur frá Taílandi.
- 61) Aðildarríki eiga að halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem hafa fengið vottun í Taílandi, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 965/2012.

- 62) Ef einhverjar viðeigandi öryggisupplýsingar gefa til kynna að öryggisáætla sé yfirvofandi, sem afleiðing af því að ekki sé farið að alþjóðlegum flugöryggiskröfum, gæti framkvæmdastjórnin þurft að grípa til frekari aðgerða í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Úkraínu

- 63) Hinn 19. apríl 2017 lagði flugrekandinn *International Joint-Stock Aviation Company „URGA“*, sem hefur fengið vottun í Úkraínu, aftur inn umsókn hjá Flugöryggisstofnun Evrópu um TCO-heimild. Eftir að Flugöryggisstofnun Evrópu synjaði fyrstu umsókn flugrekandans um TCO-heimild, af ástæðum er varða öryggi, mat Flugöryggisstofnun Evrópu þessa nýju umsókn í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) nr. 452/2014.
